

## ERLENT

### Davíð hreinsaður

ÍTALSKI forvörðurinn Cinzia Parnigoni vinnur hér að hreinsun Davíðs eftir ítalska endur-



reisnarlistamanninn Michelangelo í Flórens á Ítalíu. Líkt og oft áður er hreinsun þekktra listaverka hefur staðið fyrir dyrum hafa verið uppi miklar

deilur í alþjóða listasamfélaginu um hreinsun styttnar og þau hreinsiefni sem notuð eru, en Davíð er með þekktari listaverkum endurreisnartímans.

### El Greco í Metropolitan safninu

SAFN verka hins grískættaða El Greco, eða Domenikos Theotokopoulos eins og hann hét réttu nafni, verður til sýnis í Metropolitan safninu í New York til áramóta. Sýningin er sú fyrsta á verkum El Greco í Bandaríkjunum í 20 ár, en listamaðurinn sem vakði



hefur mikla athygli listamanna, gagnrýndu-enda og safnara frá því á 19. öld þótti full sérkennilegur fyrir smekk samtímamanna sinna á 17. öld. Alls verða ein 80 verk, sem safnað hefur verið saman víða úr heiminum, á sýningunni, en sérstakri athygli hefur verið beint að síðari verkum hans sem einkennast af dulrænum áherslum.

„Eitt af því áhugaverðara, burt séð frá því að sjá safn El Greco verka á sama stað, er að virða fyrir sér áhrif þessara gömlu meistara á nútímalist.“ sagði Keith Christiansen safnvörður við Metropolitan, en El Greco hafði m.a. mikil áhrif á Picasso.



Göngum Pompidou safnsins er veitt athygli á sýningunni.

### Á rúllandi ferð

ALL-sérstæð sýning stendur nú yfir í bandaríska byggingalistasafninu, American Building Museum, í Washington og er hún tileinkuð rúllustigum, lyftum og hreyfanlegum gangvegum. Sýningin nefnist Up, Down, Across: Elevators, Escalators and Moving Sidewalks og er að sögn stjórnenda fyrsta sýningin sem tileinkuð er rúllustiganum og lyftunni, arkitektúr þeirra og áhrifum á nútíma þægindi.

Uppruna lyftunnar má rekja ein 150 ár til baka er ungur vélvirki, Elisha Otis kynnti fyrirbærið fyrir áhorfendum í á sýningu í Crystal Palace í Lundúnum 1854. „Það áhugaverða er að á þeim rúmlega hundrað árum sem eru liðin þá hefur lyftan orðið hraðskreiðari og fagaðri en hún hefur samt ekki breyst,“ hafði Voice of America eftir Abbot Miller, stjórnanda sýningarinnar.

# Af verum, vættum og húsbyggingum

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir  
SÆMUNDUR VALDIMARSSON EINKASÝNING

Sýningin stendur til 12. október. Safnið er opið alla daga frá kl. 10–17.

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

YFIR BJARTSÝNISBRÚNA – SAMSÝNING ALPÝÐULISTAR OG SAMTÍMALISTAR ÚR BYGGINGARLISTASAFNI

Sýningarnar standa til 2. nóvember Safnið er opið alla daga frá kl. 10–17.

LISTAMENN sem ekki eiga formlegt listnáam að baki, gjarnan nefndir næfir eða alpýðulistamenn, setja áberandi svip á sýningar Listasafns Reykjavíkur um þessar mundir. Þannig taka þjóðkunnar viðurverur Sæmunds Valdimarssonar til að mynda á móti gestum Kjarvalsstaða þessa dagana, en safnið hýsir einnig næstu mánuði sýningaröðina List án landamæra þar sem sjónum er beint að verkum fatlaðra einstaklinga, og í Hafnarhúsinu má finna hina jákvæðu og skemmtilega nefndu Yfir bjartsýnisbrúna – þar sem tengsl alpýðulistar og samtímalistar eru könnuð.

### Skógarbúarnir

Það hefur ekki margt breyst í list Sæmundar Valdimarssonar frá því hann hóf að höggva út styttnar úr rekavið snemma á áttunda áratug síðustu aldar enda, líkt og Aðalsteinn Ingólfsson bendir á í sýningarskrá, ekki við slíku af búast af rosnum listamanni. Það hefur hins vegar aldrei komið niður á vinsældum Sæmundar sem á sér fjölda dyggra aðdáenda. Eftirspurn eftir verkum hans hefur líka verið meiri en framleiðnin þrátt fyrir mikla afkastagetu. En Sæmundur hefur á rúmlega þrjátíu ára ferli náð að vinna ein 500 verk.

Sýningin sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum geymir þó ekki nema brot þess fjölda, sem að mestu er unninn frá síðustu stórsýningu Sæmundar í Gerðarsafni 1998. Og þó nokkrir gamlir kunningjar skjóti upp kollinum eru flest verkanna ný, m.a. hin snögghærða Líf (2003) sem, með dularfullt brot á vör, horfir dapureyg út yfir sýningarrýmið og hin tignarlega grænhærða Ástkona Picasso (2002). Líkt og í eldri verkum er það hér hæfni Sæmundar til að manngera viðinn sem hleypir lífi í trjádrumbana sem tálgaðir, mótaðir og skreyttir verða ýmist karlkyns, kvenkyns, tvíkynja eða hvorugkyns í meðförum listamannsins. Og þó vinnubrögð Sæmundar hafi um margt orðið fagaðri og meiri rækt lögð við smáatriðin eftir því sem vald hans á verkfærunum hefur aukist hefur hann líka öðlast öryggi til að leyfa náttúrunni sjálfri að njóta sín þar sem við á. Er notkun hans á berki viðarins einmitt skemmtilegt dæmi um slíkt í nokkrum nýrri verkanna, m.a. í síamstíburunum Gleði (2001), Tveimur andlitum (2001), Nýsköpun (2001) og Jóni Oddi og Jóni Bjarna (2001) er samvaxnir gjóa hvor annan augum. Sá leikur listamannsins að náttúrulegu yfirborði viðarins sem einkennir þessi verk fjarlægir þau þó á vissan hátt sæbarinni veröld rekaviðarins og færir þær á ný nær uppruna sínum innan skógarins. Hefðbundin stílbrigði Sæmundar eru engu að síður auðþekkj-anleg hér sem annars staðar og eru hverri veru veitt persónusérkennin sem fella þær að ævintýraleikum þjóðflokki Sæmundar.

### Alpýðulist og alpýðleg list

Sæmundur er hins vegar ekki einn um að nota viðinn í listsköpun sinni því fjölmargar ólíkar viðurverur má líka finna á sýningunni Yfir bjartsýnisbrúna, m.a. Fólki og fénað Laufeyjar Jónsdóttur frá Sæbóli í Húnaþingi, Fólki Helga Björnssonar frá Huppahlíð í Húnaþingi og hina bráðskemmtilegu Mjallhvíti og dvergana sjö eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur frá Akureyri svo dæmi séu tekin.

Sýningin Yfir bjartsýnisbrúna er samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Safnasafnsins á Svalbarðsströnd og virðist að stórum hlut hugarfóstur sýningarstjórnans, Niels Hafsteins forstöðumanns Safnasafnsins, er leggur upp með þá hugumstöru fyrirætlan að brúa bil meginstrauma og jaðarsvæða innan myndlistarinnar og birtir graf af hringferli myndlistar í sýningarskrá máli sínu til stuðnings. Hvort bil meginstrauma og jaðarsvæða er brúað með sýningunni skal látið ósagt, þó tengslin sem víða má finna með verkum alpýðulistafélksins og hinna lærðu bendi vissulega til þess að gjáin sé ekki alltaf svo ýkja breið.

Einlæginn kann vissulega að vera meira ríkjandi í verkum alpýðulistamanna, líkt og sjá má í jafn ólíkum verkum og steinmyndum Páls Guðmundssonar frá Húsafelli og klippi-



Morgunblaðið/Jim Smart

Hluti af verkinu Mjallhvít og dvergarnir sjö eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur.



Morgunblaðið/Jim Smart

Íbúðir fyrir prestskandídata á Hallgrímskirkju eftir Einar Þorstein Ásgeirsson.

myndum Maríu Jónsdóttur frá Hvolsvelli, sem og nákvæmmin líkt og tálgað tréflók Helga Björnssonar ber með sér, þar sem vandlega er gætt að einstaklingsæðli hvers og eins – jafnt prests sem hunds. En á móti kemur skerpan og húmorinn í verkum hinna lærðu myndlistarmanna. Litrík fósturlaga Hanaegg Ólafar Nordal og verk Gabrielu Friðriksdóttur Meðferð og Árás minnimáttarkenndarbakterianna eru bæði gott dæmi um slíkt, sem og Gulrótarregla Hannesar Lárussonar. Tengslin við framandi ævintýraheima verða þá einnig oft meiri í verkum hinna síðarnefndu sem nota eldri sagnaheima til að særa fram nýjar og ferskar útgáfur af framandlegum vættum og verum, líkt og Hanaegg Ólafar og kómiskir þúfulingar Guðrúnar Veru Hjartardóttur bera með sér. Hversdagurinn og náttúran reynast hins vegar kollegum þeirra öllu hjartfölgjari, líkt og sjá má á Fleygum, fuglum, Ágústar Jóhannssonar á Hvammstanga.

Hvað sem háleittum hugmyndum um tengsl ólíkra heima líður er ljóst, líkt og Niels bendir réttilega á, að íslensk samtímalist nýtir sér að ýmsu leiti verklag og aðferðafræði alpýðulistafélks. Sú skemmtilega sýning sem Yfir bjartsýnisbrúna er undirstríkar vissulega þau tengsl. Hinnar er þó fyllilega hægt að njóta án þeirrar forsendu, enda líflega upp sett og vandlega úthugsuð sem gerir það að verkum að sýningarsalir Hafnarhússins hafa sjaldan notið sín jafnvel.

### Byggingarsögustíklur

Húmorinn sem svo víða má finna í verkum samtímalistarmanna í Yfir bjartsýnisbrúna er kannski ekki einkennandi fyrir verk íslenskra



Morgunblaðið/Jim Smart

Alda eftir Sæmund Valdimarsson.

arkitekta, þó hugmyndir Einars Þorsteins Ásgeirssonar um kúlulaga íbúðir fyrir prestskandídata á Hallgrímskirkju (1974) einkennist vissulega af nokkrum gáska og gamansemi. Byggingarlist er hins vegar almennt fjárfrekari framkvæmdir en svo að þær séu oft byggðar á húmorískum grunni. Hugmyndir um varanleika, glæsileik og styrk eru oftast ofar á blaði.

Sýningin Úr byggingarlistarsafni sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu veitir lauslega kynningu á ævi og starfi nokkurra þekktara íslenskra arkitekta. Ítarleg kynning í textaformi við stórhuga skóláteikningar nokkurra arkitektanna er til fyrirmyndar og draumarnir sem þar birtast í byggingum á borð hótelteikningu Einars Sveinssonar og baðhús og afþreyingarmiðstöð Helga Hjálmarssonar eru skemmtileg mótsögn við öllu látlausari íslenskan veruleika húsbygginganna heimafyrir, s.s. Shell bensinstöðina við Suðurlandsbraut (1946), nú Laugarveg, eftir Þór Sandholt. Vissulega settu þó mörg þessara húsa, líkt og bensinstöðin, sinn svip á sögu og þróun íslensks arkitektúrs, og má segja hið sama um Ægisíðu 80 sem þykir með athyglisverðustu íbúðarhúsum sjötta áratugarins. En munir tengdir þeirri byggingu Sigvalda Thordarsonar, mynda í raun eins konar örsýningu innan sýningarinnar, þar sem bakgrunni og byggingarsögu hússins er fylgt eftir á skemmtilegan hátt.

Sýningin Úr byggingarlistarsafni er látlaus á að líta, en uppsetning hennar engu að síður vel úthugsuð og vel til þess fallin að vekja sýningarrest til umhugsunar um þá öru þróun sem orðið hefur í héraendi byggingarlist á ekki lengri tíma. Notkun á líkönum af byggingum á borð við Stykkishólmskirkju eftir Jón Haraldsson og Austurbæjarskóla Sigurðar Guðmundssonar, sem og fyrnefnd líkón Einars Þorsteins Ásgeirssonar, veita þá gott mótvægi við teikningararnar á veggjunum og gaman að virða fyrir sér þær breytingar sem hugmyndir tóku, sem og hugmyndir er aldrei urðu að veruleika. Notkun ljósmynda af byggingum, sögu húsa og þróun hefðu þó óneitanlega verið til bóta og fært sýninguna fjær hugmyndunum á teiknborðinu og nær raunveruleikanum.

Anna Sigríður Einarisdóttir